



PELAMERKURSKÓLI

Skólasetning



Ágætu nemendur Pelamerkurskóla og forráðamenn þeirra,

Pelamerkurskóli verður settur fimmtudaginn 28. ágúst 2014 kl. 16:00. Skólinn verður settur í Mörkinni, útiskólasvæði skólans sem staðsett er í lundinum norðan við Laugaland. Eftir setninguna verður haldið heim að skóla og þar hitta nemendur umsjónarkennara sína og fá hjá þeim stundaskrá og aðrar upplýsingar. Innkaupalistar nemenda eru þegar komnir á heimasíðuna. Gert er ráð fyrir að

nemendur séu í skólanum til kl. 17:00. Skólaakstur verður í samræmi við framansagt.

Foreldrar, aðstandendur og aðrir velunnarar skólans eru að sjálfsögðu hjartanlega velkomnir í skólann á skólasetningardaginn.

Fyrstu dagar skólaársins

Föstudagurinn 29. ágúst er viðtalsdagur. Umsjónarkennarar hafa sent tímasetningar viðtalanna í tölvupósti til foreldra.

Mánudaginn 1. september verður kennt samkvæmt stundaskrá. Umsjónarkennarar munu nýta tímana með nemendum til að undirbúa göngudaginn sem er þriðjudaginn 2. september. Einnig stendur til að nemendur fái kynningu á fjallamennsku frá Björgunarsveitinni Súlum á Akureyri.

Göngudagurinn



Þriðjudagurinn 2. september er göngudagur skólans. Hver námshópur fer í gönguferð sem hentar aldri og getu hópsins:

- 1.-2. bekkur fara frá skólanum og meðfram Hörgá. Anna Rós og Anna Rósa fara með þeim.
- 3.-4. bekkur ganga um Óslandið. Hildur og Inga Matt fara með þeim.
- 5.-6. bekkur ganga frá Bug og fram í Baugasel. Hulda og Jónína Sverrisd. fara með nemendum.
- 7.-8. bekkur ganga upp í Reistarárskarðið. Berglind, Jónína G. og Sigga G. fara með

nemendum.

- 9.-10. bekkur ganga uppá Kötlufljall frá Baldursheimi og enda ferðina í Fagraskógi. Halla Björk og Ingileif fara með nemendum.

Nemendur fá nesti í skólanum en þeir eiga að koma með **bakpoka** og **nestisbox** með sér að heiman. Bakpokinn þarf að vera með góðum axlarólum svo þægilegt sé að bera þá. Sundpokar með reimum henta illa í gönguferðir sem þessar. Nemendur eiga líka að koma klæddir eftir veðri og skóaðir til gönguferðar.

Námshópar og umsjónarkennarar í vetur

Námshópar og umsjónarkennarar verða sem hér segir:

- 1. og 2. bekkur (11 nem.) – Anna Rós Finnsdóttir
- 2. og 4. bekkur (15 nem.) – Hildur Elínar Sigurðardóttir
- 3. og 6. bekkur (16 nem.) – Hulda Arnsteinsdóttir
- 4. bekkur (11 nem.) – Ágústa Berglind Hauksdóttir 8., 9. og 10. bekkur (28 nem.) – Anna Rósa Friðriksdóttir og Halla Björk Þorláksdóttir

Skólaakstur

Umsjón með skólaakstri verður sem hér segir:

Lónsbakki-Hraukbær-Pétursborg-skóli:

Hópferðabílar Akureyrar ehf. Tengiliður er Ingi í síma 895 7922

Ytri Bægisá-skóli:

Sigurður B. Gíslason sími 462 6829 / 847 8458

Skjaldarvík-Gásir-Tréstaðir-skóli:

Klængur Stefánsson Hlöðum, sími 462 7568 / 892 1430

Staðartunga-Langahlíð-Skriða-Björg-skóli:

Hópfærðabílar Akureyrar ehf. Tengiliður er Ingi í síma 895 7922

Ytri-Bakki-Ós-Prastarhóll-skóli:

Jón Þór Benediktsson Ytri Bakka. Sími 461 3569 og 896 3569.

Skóladagurinn styttist á föstudögum

Í vetur byrjar skólinn alla daga kl. 8:20 og kennt er til kl. 14:20 alla daga nema föstudaga en þá er kennt til kl. 12:35 og nemendur fara heim kl. 13:00 eftir að þeir hafa fengið hádegismat. Á föstudögum verður Smárinn með badmintonæfingar fyrir nemendur 1.-4. bekkjar kl. 13:00. Íþróttæfingar Smárans verða auglýstar nánar síðar.

Þó að skóladagurinn styttist á föstudögum þá skerðist tími nemenda í skólanum ekki því skóladagurinn byrjar fyrr á morgnana og hádegishléið verður stytt um 5 mínútur. Þá mun stundaskráin líta þannig út:

1. tími: 8:20-9:10: 50 mínútna kennslustund sem að öllu jöfnu verður með umsjónarkennara
2. tími: 9:30-10:15: 45 mínútna kennslustund – sem oftast er með umsjónarkennara Síðan taka við 40 mínútna kennslustundir það sem eftir er dagsins til kl. 14:20 mán. til fim. en til kl. 12:35 á föstudögum. Matartími er til kl. 13:00 og þá er heimferð á föstudögum.

Foreldrar eru hvattir til að hringja í skólann í síma 460-1770 og 460-1774 ef þeir þurfa frekari upplýsingar um skólastarfið í vetur. Einnig er verið að uppfæra upplýsingar um starf vetrarins á [heimasíðu skólans](#). Að öðru leyti má þar og einnig á [Facebooksíðu](#) og [Tweetersvæði](#) skólans finna fréttir, tilkynningar og auglýsingar um skólastarfið hverju sinni.

Með bestu kveðju,
og hlökkum til að sjá ykkur,
Skólastjórnendur og starfsfólk Pelamerkurskóla



